



**LUNDARSKÓLI**

*Ábyrgð · Virðing · Velliðan*

Skýrsla gæðaráðs og umbótaáætlun

21. júní 2024

# Efnisyfirlit

<b>Inngangur</b>	<b>2</b>
<b>Ytra mat</b>	<b>3</b>
<b>Starfsáætlun um innra mat</b>	<b>4</b>
<b>Niðurstöður mats</b>	<b>4</b>
Stjórnun og fagleg forysta	5
Nám og kennsla	6
Innra mat	7
<b>Heildarniðurstaða innra mats</b>	<b>8</b>
<b>Umbótaáætlun skólaársins 2024-2025</b>	<b>9</b>

# Inngangur

Þessi skýrsla fjallar um helstu viðfangsefni innra mats á árinu 2023 - 2024

1. Staða gagnvart ytra mati sem fram fór 2020
2. Helstu matsþættir:
  - Stjórnun og fagleg forysta
    - Mat á stöðu umbóta
    - Heildarendurskoðun m.t.t. gæðaviðmiða Menntastefnu Akureyrarbæjar um stjórnun og faglega forystu fór fram skólaárið 2022 - 2023.
  - Nám og kennsla
    - Mat á stöðu umbóta
    - Heildarendurskoðun m.t.t. gæðaviðmiða Menntastefnu Akureyrarbæjar um nám og kennslu fór fram 2021-2022.
  - Innra mat
    - Metið var út frá gæðaviðmiðum Menntastefnu Akureyrarbæjar um innra mat skólaárið 2023 - 2024.
3. Umbótaáætlun fyrir skólaárið 2023-2024

Gæðaráð Lundarskóla,  
Arna Heiðmar Guðmundsdóttir, kennari  
Fjóla Dögg Gunnarsdóttir, deildarstjóri  
Helga Rún Traustadóttir, deildarstjóri  
Jónína Vilborg Karlsdóttir, kennari  
Maríanna Ragnarsdóttir, skólastjóri

## Ytra mat

Menntamálastofnun gerði ytra mat á skólastarfi í Lundarskóla í mars 2020. Skýrsluna má sjá [hér](#) og heildarniðurstöður matsins eru á meðfylgjandi mynd. Viðfangsefni umbóta í kjölfar ytra mats er að bæta stöðuna kerfisbundið. Umbætur í kjölfar innra mats hafa tekið við og unnið er samkvæmt langtímaáætlun skólans um innra mat. Þriðji kafli þessarar skýrslu er ný umbótaáætlun sem gæðaráð mun fylgja eftir næsta skólaár.

Stjórnun og fagleg forysta		Nám og kennsla		Innra mat
Samvirkni í stefnumótun	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	Inntak og námskrá	Skipulag náms	Skipulag
Faglegt samstarf og samræða	Starfsmanna-stjórnun og verkaskipting	Árangur náms	Námsvitund	Framkvæmd
Tengsl við foreldra og aðra í - samfélaginu	Leiðtogaþæfni stjórnenda og starfsmanna	Gæði kennslu	Ábyrgð og þátttaka	Umbætur
Umbætur og innleiðing breytinga				

Heildarstig undirkafla	Litur	Lýsing á starfi
3,6 – 4		Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf. Flestir eða allir þættir sterkir.
2,6 – 3,5		Gott verklag, margir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi en möguleikar á umbótum. Fleiri styrkleikar en veikleikar.
1,6 – 2,5		Uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta. Fleiri veikleikar en styrkleikar.
1,0 – 1,5		Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægum þáttum. Mikil þörf á umbótum á flestum eða öllum þáttum.

## Starfsáætlun um innra mat

Litið er á innra mat sem drifkraft þróunar og breytinga í átt að gæðastarfi í skólanum. Innra mati er ætlað að vera markvisst og samofið skólastarfinu og lögð er áhersla á virka þátttöku starfsfólks, nemenda og foreldra. Gæðaráð Lundarskóla vinnur út frá [áætlun um innra mat](#). Áætlunin er endurskoðuð í júní ár hvert og uppfærð eftir þörfum. Á grunni upplýsinga úr innra mati fyrir hvert skólaár er sett fram umbótaáætlun fyrir næsta skólaár og er það verkefni gæðaráðs Lundarskóla að halda utan um innra mat og fylgja eftir vinnu samkvæmt umbótaráætlun og meta hvernig til tókst. Umbætur þessa skólaárs snéru fyrst og fremst að:

- samstarfi heimila og skóla
- endurskoða og skýra stefnur skólans
- þróun leiðsagnarnáms
- efla stoðþjónustu skólans
- endurskoðun námskrár
- efla gæðaráð og markvisst innra mat

Umbótaáætlun gekk að mestu eftir en ekki tókst að ljúka vinnu við að skýra stefnur og endurskoðun námsmats. Þættir sem ekki tókst að ljúka verða færðir inn á umbótaáætlun næsta skólaárs.

## Niðurstöður mats

Niðurstöður taka mið af starfsáætlun um innra mat og umbótaáætlun fyrir skólaárið 2022-2023 og eru þær lagðar fram í eftirfarandi þáttum; stjórnun og fagleg forysta, nám og kennsla og innra mat. Í hverjum þætti er fjallað um helstu niðurstöður innra matsins út frá viðmiðum skólans. Farið var yfir niðurstöður út frá matsgögnum og tillögur að umbótum lagðar á fram.

## Stjórnun og fagleg forysta

Stjórnun og fagleg forysta var áherslupáttur í innra mati skólaárið 2022-2023 og hafa umbætur staðið yfir. Við innra mat á skólastarfinu var tekið mið af viðmiðum Akureyrarbæjar. Gögn sem nýtt voru til að leggja mat á stöðuna voru m.a. fundargerðir, niðurstöður úr spurningalistum um faglegt skólastarf og teymisvinnu, sýnilegt skipulag og starfshættir. Niðurstöðu á mati á stjórnun og faglegri forystu má sjá myndrænt hér fyrir neðan. Umbætur í kjölfar innra mats hafa staðið yfir og beinist vinna gæðaráðs að því að leggja mat á stöðu umbóta.

Stjórnun og fagleg forysta	
Faglegt samstarf og samræða	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir
Samvirkni í stefnumótun - stefnumótun og skipulag	Starfsmanna stjórnun og verkaskipting
Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu	Leiðtogahæfni stjórnanda og starfsmanna
Umbætur og innleiðingar breytinga	

Matsviðmið	
	Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.
	Meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi
	Meiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarf að umbóta
	Mikilla umbóta er þörf á flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið skólans um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.

### Umbætur skólaársins 2023-2024:

- Skýra stefnu skólans og gera hana sýnilegri (heilsueflandi stefna, kennslufræðileg stefna) (ólokið). Ekki náðist að ljúka þessum þætti svo umbætur flytjast á næsta skólaár.
- Safna og nýta gögn með markvissari hætti til að meta árangur af skólaþróun/starfsþróun (lokið): Mat á þróunarstarfi í góðum farvegi og markvisst skráð. Vinnulag reyndist vel og verður viðhaft á næsta skólaári.
- Auka faglegan stuðning stjórnanda (ólokið): Faglegur stuðningur stjórnanda var metinn góður en huga þarf að því að auka endurgjöf til kennara og afmarka þróun leiðsagnarnáms, gera markmið og viðmið sýnilegri.
- Efla samstarf heimila og skóla (lokið): Skólaráð var eflt og foreldrafélag virkjað og eins voru bekkjarfulltrúar hvattir til að huga að eflingu foreldrasamstarfs. Hugan þarf áfram að því að efla samstarf heimilis og skóla með fræðslu og stuðningi við samstarf milli foreldra.





### Þættir sem flytjast á umbótaáætlun næsta skólaárs:

- Skýra stefnu skólans og gera hana sýnilegri (SMT, heilsueflandi stefna, kennslufræðileg stefna).
- Efla samstarf heimila og skóla með áherslu á að efla samstarf foreldra í hverjum árgangi - endurskoða fyrirkomulag haustfunda.
- Auka endurgjöf til kennara - skipuleggja jafningjastuðning.
- Stigskiptir vinnufundir með áherslu á að aðlaga stuðning í þróunarstarfi að þörfum kennara í samstarfi við MSHA.

## Nám og kennsla

Nám og kennsla var áhersluþáttur í innra mati skólaárið 2021-2022 og hafa umbætur staðið yfir. Við innra mat á skólastarfinu var tekið mið af viðmiðum Akureyrarbæjar. Gögn sem nýtt voru til að leggja mat á stöðuna voru m.a. kennsluáætlanir, vettvangsheimsóknir stjórnenda í kennslu, starfsþróunarsamtöl, kennarafundir, ígrundun kennara, kannanir til nemenda og starfsfólks. Niðurstöðu á mati á námi og kennslu má sjá myndrænt hér fyrir neðan. Umbætur í kjölfar innra mats hafa staðið yfir og beinist vinna gæðaráðs að því að leggja mat á stöðu umbóta.

Nám og kennsla	
Inntak og námskrá	Skipulag náms
Árangur náms	Námsvitund
Gæði kennslu	Ábyrgð og þátttaka

Matsviðmið	
	Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.
	Meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi
	Meiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast umbóta
	Mikilla umbóta er þörf á flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið skólans um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.

### Umbætur skólaársins 2023-2024 voru:

- Þróun teymiskennslu (lokið): Áfram verða leiðtogar í hverju teymi og munu stjórnendur styðja við teymi og teymisleiðtoga.
- Þróun leiðsagnarnáms (ólokið): Þróun starfshátta leiðsagnarnáms miðar hægt áfram og jákvæðar breytingar má sjá á starfsháttum kennara. Leiðsagnarnám verður áfram í brennidepli á næsta skólaári.
- Efla stoðþjónustu skólans með áherslu á víðtæka námsaðlögun, líðan og félagslega þætti.(lokið): Gerðar voru breytingar á stoðteymi skólans sem taka munu gildi á næsta skólaári.
- Móta vinnulag vegna komu erlendra nemenda og ÍSAT kennslu (lokið): Komnir verkferlar í kringum móttöku erlendra nemenda.
- Endurskoðun á námsmati (ólokið): Námsmat hefur verið til skoðunar. Fyrir liggur að móta námsmatsstefnu fyrir skólann með áherslu á leiðsagnarnám og samræma vinnubrögð í námsmati.
- Samþætting námsgreina á mið- og unglingastigi (lokið):

### Þættir sem flytjast á umbótaáætlun næsta skólaárs:

- Þróun leiðsagnarnáms: Kennarahópar afmarka þætti sem þeir vilja leggja áherslu á í þróunarstarfi (áfangamarkmið). Unnið út frá þróunarhring.
- Endurskoðun námskrár sem felur í sér mótun námsmatsstefnu og endurskoðun námsvísa með áherslu á leiðsagnarnám/mat.
- Skýra hlutverk aðila í stoðþjónustu og endurskoða verkferla.
- Fyrstu skref í innleiðingu Réttindaskóla.

## Innra mat





Innra mat var áhersluþáttur í innra mati skólans þetta skólaárið og var metið út frá viðmiðum Akureyrarbæjar. Gögn sem nýtt voru til að leggja mat á stöðuna voru m.a. fundargerðir, niðurstöður úr spurningalistum um faglegt skólastarf og teymisvinnu, sýnilegt skipulag og starfshættir.

**Niðurstaða:** Mat út frá gæðaviðmiðum leiddi í ljós að 2 þættir af 3 voru metnir í flokkinn mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf og 1 þáttur var metinn ljósgrænn sem þýðir gott verklag og flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi. Umbætur næsta skólaárs snúa að þeim þáttum sem ekki teljast að fullu í samræmi við lýsingu um gæðastarf.

Innra mat
Skipulag
Framkvæmd
Umbætur

### Umbætur skólaársins 2023-2024 voru:

- Efla skólaráð (sjá undir stjórnun og fagleg forysta) (lokið): Fjölgað var í skólaráði og fundað var markvisst allt skólaárið.
- Efla gæðaráð og efla mat á þróunarstarfi (fjölga í gæðaráði og kynna störf þess á starfsmannafundum): Mat á þróunarstarfi gekk mjög vel eftir og var markvisst kynnt kennurum. Á næsta ári er fyrirhugað að endurhugsa skipan gæðaráðs.

Matsviðmið	
	Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.
	Meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi
	Meiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast umbóta
	Mikilla umbóta er þörf á flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið skólans um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.

### Þættir sem flytjast á umbótaáætlun næsta skólaárs:

- Efla hlutverk og aðkomu leiðtoga með setu þeirra í gæðaráði
- Skipuleggja mat á helstu stefnum skólans
- Skrá niður verklag í kringum innra mat, kynna það og gera aðgengilegt
- Skýra og efla verklag í kringum skimanir og úrvinnslu
- Auka aðkomu skólaráðs að innra mati



## Heildarniðurstaða innra mats

Heildarniðurstaðan er að 31,3 % matsþátta (5/16) eru metnir grænir sem tákna mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf. Þá eru 37,5% matsþátta (6/16) metnir ljósgrænir sem tákna gott verklag og meiri styrkleikar en veikleikar greinast á undirþáttum. Að lokum eru 31,3% matsþátta (5/16) sem greinast í flokkinn viðunandi verklag þar sem einhverjir þættir uppfylla viðmið en mikilvægir þættir þarfnast umbóta. Allir þessir þættir snúa að námi og kennslu og skýrist lakari niðurstaða í innra mati miðað við niðurstöðu ytra mats, af því að horft er til fleiri og ítarlegri viðmiða í matinu.

Stjórnun og fagleg forysta		Nám og kennsla		Innra mat
Faglegt samstarf og samræða	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	Inntak og námskrá	Skipulag náms	Skipulag
Samvirkni í stefnumótun - stefnumótun og skipulag	Starfsmanna stjórnun og verkaskipting	Árangur náms	Námssvitund	Framkvæmd
Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu	Leiðtogaþæfni stjórnenda og starfsmanna	Gæði kennslu	Ábyrgð og þátttaka	Umbætur
Umbætur og innleiðingar breytinga				

Matsviðmið	
	Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.
	Meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi
	Meiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast umbóta
	Mikilla umbóta er þörf á flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið skólans um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.

## Umbótaáætlun skólaársins 2024-2025

Stjórnun og fagleg forysta (heildarúttekt 2023)						
Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir	Viðmið um árangur
Skýra stefnu skólans og gera hana sýnilegri	Móta og endurskoða áherslur skólans/ stefnur  Heilsueflandi, SMT, Réttindaskóli, Læsisstefna, Leiðsagnarnám, forvarnaráætlun	HRT MKR FDG	08 '24	06 '25	Stefnur lagðar fyrir skólaráð og kennarafund.	Stefnur eru í samræmi við áherslur menntastefnu Akureyrar og eru aðgengilegar og skýrar að mati kennara, stjórnenda og skólaráðs.
Aukin endurgjöf á störf kennara	Skipuleggja heimsóknir jafningja og samtöl í kjölfarið  Endurgjöf stjórnenda í kjölfar heimsókna í kennslustofur	MKR FDG HRT	08 '24	06 '25	Mat á faglegri forystu, starfsþróunarsamtöl og óformleg samtöl við kennara	85% kennara meta endurgjöf í starfi í mjög góðu lagi
Breytt skipulag fræðslufunda í þróunarstarfi	Stigskiptir vinnufundir með áherslu á að aðlaga stuðning í þróunarstarfi að þörfum kennara  Samstarf við MSHA	HRT	08 '24	06 '25	Mat á faglegri forystu og starfsþróunarsamtöl	Kennarar með skýrar áherslur í þróunarstarfi og matslistar sýna að kennarar ná árangri í þróun starfshátta
Efla samstarf heimila og skóla	Styðja bekkjarfulltrúa í að efla samstarf foreldra í hverjum árgangi.  Endurskoða haustkynningafundi - áhersla á samtal milli foreldra	FDG HRT	08 '24	06 '25	Fundur stjórnenda með bekkjarfulltrúum  Mat á haustkynningafundum  Skólapúlsinn - foreldrakönnun '24	Mjög gott verklag skv gæðaviðmiðum menntastefnu Akureyrar er snúa að tengslum við foreldra og aðra í skólasamfélaginu.

## Nám og kennsla (heildarúttekt 2022)

Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Þróun leiðsagnarnáms með áherslu á að efla trú nemenda á eigin getu, þátttöku og ábyrgð í námi	Kennarateymi afmarka þætti sem þeir vilja leggja áherslu á í þróunarstarfinu (áfangamarkið).  Unnið út frá þróunarhring þar sem leiðtogar í hverjum hópi leiða vinnuna	HRT FDG	08 '24	06 '26	Skólapúls Sjálfsmat kennara	Skólapúls: Tíðni leiðsagnarmats, trú nemenda á eigin getu og þrautseigja í námi fyrir ofan landsmeðaltal 80% kennara meta starfshætti sína í mjög góðu lagi samkvæmt matslitstum.
Efla stoðþjónustu skólans með áherslu á námsaðlögun	Skýra hlutverk aðila í stoðþjónustu og endurskoða verkferla.  Stoðkennarar vinna í teymi umsjónarkennara að því að aðlaga kennslu að þörfum allra	KIV KBJ	08 '24	06 '25	Hlutverk aðila í stoðþj. skráð og kynnt. Starfsþróunarsamtöl	Umsjónarkennarar meta stuðning stoðteymis góðan og vita hvert þeir eiga að leita
Endurskoðun námskrár Lundarskóla	Endurskoðun námsvísa og námsáætlana  Mótun námsmatsstefnu með áherslu á leiðsagnarmat og samræmingu í vinnubrögðum við námsmat.	FDG HRT	08 '24	06 '26	Námsvísar og námsmatsstefna yfirfarin með hliðsjón af gæðaviðmiðum  Vinnufundir kennara	Full unnir námsvísar liggja fyrir og uppfylla gæðaviðmið um nám og kennslu  Yfirlit yfir skipulag námsmats í skólanum. Námsmat er skýrt og áreiðanlegt.
Réttindaskóli	Fyrstu skref í innleiðingu Réttindaskóla skv. Innleiðingaráætlun - Skipan réttindaráðs	MKR	08 '24	06 '25	Metið skv. innleiðingaáætlun	Skólinn uppfyllir gæðaviðmið Réttindaskóla

	- Fyrsta úttekt og áætlun í kjölfar hennar					
--	--------------------------------------------	--	--	--	--	--

## Innra mat (heildarúttekt 2024)

Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Gæðaráð	Leiðtogar verða hluti af gæðaráð og fundað er reglulega.  Auka aðkomu skólaráðs að innra mati	MKR	08 '24	06 '25	Fundir gæðaráðs og skólaráðs	Innra mat samræmist fyllilega viðmiðum menntastefnu Akureyrar um gæðastarf
Endurskoðuð matsáætlun	Skipuleggja mat á helstu stefnum skólans, s.s. réttindaskóla og heilsueflandi skóla og SMT	FDG HRT MKR	08 '24	06 '25	Matsáætlun liggur fyrir	Skólaráð metur matsáætlun skýra Kennarar meta matsáætlun skýra og hagnýta
Skimanir nýttar á markvissan hátt	Þróa og móta verkferla/vinnulag í tengslum við skimanir hjá nemendum	KIV	08 '24	06 '25	Rýnihópur með stoðkennurum  Skráðir verkferlar	Mjög gott verklag skv gæðaviðmiðum menntastefnu Akureyrar er snúa að markvissri nýtingu skimana.
Starfsáætlun gæðaráðs kynnt	Skrá niður verklag í kringum innra mat, kynna það og gera aðgengilegt	MKR	08 '24	11 '24	Starfsáætlun gæðaráðs	Starfsáætlun liggur fyrir, er kynnt og unnið er eftir henni.